

1 TILGANGUR

Þessi verklagsregla lýsir því ferli sem fer af stað þegar skólinn tekur þátt í þróunar- og/eða samstarfsverkefnum. Tilgangur þessa verkefna er að ná fram úrbótum í starfsminni og þar með auka ánægju nemenda/starfsmanna ásamt því að efla þekkingu þeirra.

Innihald þessarar verklagsreglu telst vera afmarkað verkefni sem hefur upphaf og endi. Ekki er um að ræða verkefni sem eru endurtekin á hverri önn eða skólaári.

Breytingar á áföngum/námsbrautum fylgja verklaginu eins og lýst er í VKL-302 Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta.


2 ÁBYRGÐ

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt þessu ferli. Skólameistari ásamt fag – og brautastjóra fá tilkynningar um verkefni sem eru í gangi hverju sinni og koma þeim upplýsingum á framfæri við starfsfólk skólans eins og við á.


Rekstrar-og fjármálastjóri ber ábyrgð á fjárhagslegri umsýslu verkefnanna eftir því sem við á, í samvinnu við þá aðila sem koma að verkefninu.

3 FRAMKVÆMD

Ósk um þátttöku í þróunar- eða samstarfsverkefni berst skólameistara frá t.d. starfsmönnum, nemendum, atvinnulífinu, yfirvöldum, starfsgreinaráði eða öðrum aðilum. Ef skólameistari samþykkir fer eftirfarandi ferli af stað.



Þróunar- og samstarfsverkefni



4 TILVÍSANIR Í SKJÖL

- STS-009 Lög og reglur
- STL-099 Verkefnastjóri
- GÁT-044 Verkefnablað
- VKL-302 Hönnun og umbót áfanga og námsbrauta